

Fimmtudaginn 21. nóvember 1991.

Nr. 340/1991. **Ákærvaldið**

(Bragi Steinarsson vararíkissaksóknari)
gegn

Markúsi Alexanderssyni

(Kjartan Reynir Ólafsson hrl.).

Tolllagabrot. Áfengislöggjöf.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Þór Vilhjálmsson, Haraldur Henrysson og Hjörtur Torfason.

Ríkissaksóknari skaut máli þessu til Hæstaréttar að ósk ákærða með stefnu 2. ágúst sl. Krefst hann staðfestingar héraðsdóms og þess, að ákærði greiði áfrýjunarkostnað sakarinnar.

Ákærði krefst sýknu af kröfum ákærvalds og að allur sakarkostnaður verði greiddur úr ríkissjóði.

Brot ákærða í máli þessu var að fullu upplýst og viðurkennt innan fárra daga, frá því að varningur sá, er hann hugðist skjóta undan tollmeðferð, kom með skipi til landsins í maímánuði 1988. Ekkert í gögnum málsins bendir til þess, að hann hafi reynt að koma sér undan málsókn á þeim tíma, sem síðan er liðinn. Þegar málið var sent sakadómi í janúarmánuði 1991, hefði sök ákærða verið fyrnd, ef fara ætti um hana að þeim reglum, sem almennt gilda og byggðar eru að meginstefnu á saknæmi brots, sbr. 1. mgr. 81. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Í 2. mgr. 81. gr. er að finna sérstaka reglu um fyrningu, er tekur til brota af þessu tagi og lögfest var sem nýmæli, þegar IX. kafla hegningarlaganna var breytt með lögum nr. 20/1981. Var breytingin til þess gerð að lengja fyrningarfrest með tilliti til þeirra örðugleika, sem tíðum væru á því að ljóstra upp um þessi brot. Þrátt fyrir þessi lagasjónarmið ber að beita ákvæðinu gagnvart ákærða í málinu, eins og gert er í hinum áfrýj-
aða dómi.

Samkvæmt þessu og forsendum hins áfrýjaða dóms að öðru leyti ber að staðfesta hann, en átelja verður þá verulegu töf, sem varð á málinu í höndum ákærvalds.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað, svo sem greinir í dóms-
orði.

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Ákærði, Markús Alexandersson, greiði allan áfrýjunarkostnað málsins, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 25.000 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns fyrir Hæstarétti, Kjartans Reynis Ólafssonar hæstaréttarlögmanns, 25.000 krónur.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 14. júní 1991.

Ár 1991, föstudaginn 14. júní, er á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð er í Borgartúni 7 af Hirti O. Aðalsteinssyni sakadómar, kveðinn upp dómur í sakadómsmálinu nr. 330/1991: Ákærvaldið gegn Markúsi Alexanderssyni, sem tekið var til dóms samdægurs.

Málið er höfðað með ákæruskjali ríkissaksóknara, dagsettu 3. júní sl., á hendur ákærða, „Markúsi Alexanderssyni stýrimanni, Fremristekk 1, Reykjavík, kennitala 310839-4269 (sic), fyrir að hafa við komu ms. Hauks til Reykjavíkur frá útlöndum 13. maí 1988 smyglað hingað til lands 720 dósum af bjór, sem tollverðir fundu í skipinu eftir komu þess til hafnar í umrætt skipti.

Telst þetta varða við 1. mgr. 123. gr., sbr. 1. mgr. 124. gr. tollalaga nr. 55, 1987, 3. gr., sbr. 33. gr. áfengislaga nr. 82, 1969, sbr. 5. gr. laga nr. 52, 1978, og 1. gr., sbr. 15. gr. laga um verslun ríkisins með áfengi, tóbak og lyf nr. 63, 1969.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar, til greiðslu alls sakarkostnaðar og til að sæta upptöku á 720 dósum af bjór samkvæmt 1. mgr. 136. gr. laga nr. 55, 1987, 34. gr. laga nr. 82, 1969, og 8. gr. laga nr. 63, 1969”.

Kennitala ákærða hefur misritast í ákæruskjali. Samkvæmt gögnum málsins er kennitala hans 010734-7469.

Málavextir eru þessir:

Hinn 16. maí 1988 fann tollgæsla Íslands m.a. 720 33 el dósir af Heineken-bjór í ms. Hauki, sem kom frá Helsinki til Reykjavíkur 13. maí 1988. Ákærði var yfirheyrdur hjá tollgæslunni 24. maí 1988 og viðurkenndi að hafa keypt bjórinn af skipshöndlara í Finnlandi og ætlað að smygla honum í land í Reykjavík.

Málið virðist síðan liggja niðri um hrið, en með bréfi ríkissaksóknara, dagsettu 16. janúar sl., er sakadómi Reykjavíkur sent málið, þar sem heimilað er, að máli ákærða og fimm annarra verði lokið með dómsátt.

Hinn 24. maí sl. var ákærða boðið að ljúka máli þessu með dómsátt, sektargreiðslu og upptöku til ríkissjóðs á ofangreindum bjór. Ákærði viðurkenndi brot sitt og samþykkti upptökukröfuna, en hafnaði dómsátt að öðru leyti. Kvað ákærði sök í máli þessu fyrnda og vísaði til hæstaréttar-dóms, upp kveðins 13. júní 1990, í málinu nr. 76/1990.

Ákærði hefur fyrir dómi í dag ítrekað þessa afstöðu sína.

Með játningu ákærða, sem er í samræmi við önnur gögn málsins, telst sannað, að ákærði hafi gerst sekur um háttsemi þá, sem honum er gefin að sök í ákæruskjali og þar þykir rétt færð til refsíákvæða.

Samkvæmt 2. mgr. 81. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940, sbr. 5. gr. laga nr. 20/1981, fynast tolllagabrot á fimm árum. Brot ákærða, sem hér er fjallað um, var framið 13. maí 1988, og er sök ákærða því ófyrnd samkvæmt framansögðu.

Samkvæmt sakavottorði ákærða hefur hann ekki sætt refsingum, sem hér skipta máli.

Refsing ákærða þykir hæfilega ákveðin 100.000 króna sekt til ríkissjóðs, sem greiðist innan fjögurra vikna frá birtingu dómsins, en ella sæti ákærði varðhaldi í 33 daga.

Með vísan til þeirra lagaákvæða, er í ákæru greinir, ber að fallast á upptökukröfu ákæruvaldsins.

Þá ber að dæma ákærða til greiðslu alls sakarkostnaðar, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Kjartans Reynis Ólafssonar hrl., 10.000 kr.

D ó m s o r ð:

Ákærði, Markús Alexandersson, greiði 100.000 króna sekt til ríkissjóðs innan fjögurra vikna frá birtingu dómsins, en sæti ella varðhaldi í 33 daga.

Ákærði sæti upptöku til ríkissjóðs á 720 bjórdósum, sem hald var lagt á við rannsókn málsins.

Ákærði greiði allan sakarkostnað, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Kjartans Reynis Ólafssonar hrl., 10.000 kr.